

1874.

2. júlí.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið samþykkir þessa ráðstöfun og leyfir, að jörðin verði byggð fyrst um sinn með þeim kjörum, sem nú var sagt.

2. júlí.

#### 48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald fyrir skaða af jarðskjálfta.

Með bréfi, dagsettu 15. dag aprilm. þ. á., hafð þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu stingur uppá, að veita megi landsetanum á jörðunni Keflavík, sem heyrir undir Möðruvalla klausturs góz, Halldóri Sveinssyni, og landsetanum á Granastöðum, sem er ein af Nordursýslu jörðunum, Guðjóni Halldórssyni, endurgjald fyrir skaða þann, sem húsin á tæðum jörðum urðu fyrir við jarðskjálfta í apríl 1872, og sem samkvæmt þeim skoðunargjörðum, sem hingað eru sendar, er virtur 47 rd. og 65 rd., og skyldi þetta endurgjald að minnsta kosti samsvara helmingnum af því, sem skadinn er virtur til og fyr var nefnt. Þér hafð nú mælt með þessari uppástungu amtmanns á þá leið, að báðum landsetunum verði gefið svo mikið eptir af landskuldargjaldi þeirra, sem samsvari helmingnum af skadanum, 23 rd. 48 sk. öðrum þeirra og hinum 32 rd. 48 sk.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

2. júlí.

#### 49. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um kúgildi á klausturjörðum.

Með bréfi, dagsettu 16. dag aprilm., hafð þér, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem amtmaðurinn yfir norður-

og austurumdæmi Íslands stingur uppá, að setja megi 3 kúgildi á jörðina Hjaltastaði, sem heyrir undir Reynistaðar klausturs góz, og fella jafnmörg kúgildi úr á 5 öðrum jörðum undir sama umboði; í tilefni af þessu hafð þér stungið uppá, að kúgildin verði keypt að, með því fé það, sem til kaupanna gengur, gefi hér um bil 10 af hundraði í leigum; aptur á hinn bóginn álitíð þér, að eigi skuli neitt ákveðið um það, hvort fella skuli burt kúgildin á hinum jörðunum, fyr en sá byggingartími, sem nú er, sé úti, en með því það virðist óhentugt, að skipta kúgildum í minni parta en hálf t kúgildi, hafð þér samt lagt til, að taka megi tvær ær af jörðunni Kjartanstaðakoti og eina af Þróm, en með því móti verður eptir eitt kúgildi á annari jörðunni en 1½ á hinni.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á, að keypt verði 3 kúgildi handa Hjaltastöðum fyrir fé úr umboðssjóðnum, og skal því við bætt, að vèr erum yður reyndar samdóma í því, að eigi skuli skipta kúgildum í minni parta en ½ kúgildi, en samt þykir bezt við eiga að gjöra enga breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er, fyr en jarðirnar losna.

1874.

2. júlí.

## 50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrktarsjóð Jóhannesar Kristjánssonar.

3. júlí.

Í bréfi 15. apríl þ. á. hafð þér, herra landshöfðingi, stungið uppá, að fengin verði konungleg staðfesting á stofnunarbréfi óðalsbónda Jóhannesar heitins Kristjánssonar, dagsettu 7. febrúar 1869, viðvíkjandi »styrktarsjóði Jóhannesar Kristjánssonar handa fátækum námfúsum bændaefnum í Helgastaða-, Húsavíkur- og Ljósavatns hreppum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjöríð það, að dómsmálastjórnin hefir gefið út